

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að ákvarða og innheimta gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 14. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ frá 2022, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að innheimt verði árgjald fyrir hvert ílát á heimili eftir eftirfarandi gjaldskrá:

Blandaður úrgangur og lífrænn úrgangur, 240 l ílát	22.350 kr.
Blandaður úrgangur, 120 l ílát (verður í boði síðar á árinu 2023)	20.370 kr.
Blandaður úrgangur, 240 l ílát	29.100 kr.
Blandaður úrgangur, 660 l ílát	80.000 kr.
Blandaður úrgangur, 1.100 l ílát (aðeins í undanþágutívikum)	133.200 kr.
Lífúrgangur, 120 l ílát (verður í boði síðar á árinu 2023)	11.200 kr.
Lífúrgangur, 240 l ílát	22.350 kr.
Pappír og plast, 120 l ílát (verður í boði síðar á árinu 2023)	10.430 kr.
Pappír og plast, 240 l ílát	14.900 kr.
Pappír og plast, 660 l ílát	41.000 kr.
Pappír og plast, 1.100 l ílát (aðeins í undanþágutívikum)	68.300 kr.

Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að fast gjald fyrir rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annan fastan kostnað verði 31.500 kr. fyrir heimili og 15.750 kr. fyrir sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- a. Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b. Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- c. Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

Blandaður/grófur úrgangur	40 kr./kg
Timbur	50 kr./kg

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 15. desember 2022, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1439/2021.

Ísafirði, 19. desember 2022.

Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri.